

Húnaþing vestra
Ólafur H. Stefánsson,
forst.m.tæknideildar Húnaþings Vestra
Klapparstíg 4
530 Hvammstangi

Umhverfisstofnun
Áb. _____
04. nóv. 2010
10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100400027/ksj

Húnaþing - Vestra - Aðalskipulag 2002 - 2014. Breyting á aðalskipulagi - Miðfjarðarvegur

Vísað er til erindis forstöðumanns tæknideildar Húnaþings Vestra er barst 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings Vestra 2002 – 2014.


Breytingartillagan felur í sér eftirfarandi : Breytingu á staðsetningu vegamóta Hringvegar og Miðfjarðarvegar. Einnig er breyting á vegamótum Miðfjarðarvegar og gamla Norðurlandsvegar þ.e. vinkilbeygja vestan við Staðarbakka er aflögð, og verður tengingin vestan frá hornrétt inn á Miðfjarðarveginn. Þessar breytingar fela í sér tilfærslu á Miðfjarðarvegi á tveimur stöðum. Einnig felur tillagan í sér breytingu á afmörkun á opnu svæði til sérstakra nota fyrir golfvöll sem minnkar úr 79,3 ha í 72 ha.


Fram kemur í greinargerð er fylgir breytingartillögunni að ný veglína við Hringveg fylgir eldri veglínu og ný veglína sunnan við Melstað liggur um framræst land. Tillaga um breytingu er gerð til þess að auka umferðaröryggi þar sem vegsýni við núverandi gatnamót Hringvegar og Miðfjarðarvegar er ófullnægjandi.

Umhverfisáhrif eru talin óveruleg þar sem veglínur munu liggja um raskað land.
Breytingartillagan mun ekki hafa áhrif á náttúruminjar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnaþings
Vestra 2002 – 2014.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Afrit Skipulagsstofnun